

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
b/t Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. júní 2010.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um frumkvæði að almennu hvatningarverkefni til að efla innlenda framleiðslu og fjölga störfum. (528. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér að efnt verði til samstarfs við aðila vinnumarkaðarins á grundvelli stöðugleikasáttmálans um almennt hvatningarverkefni til að efla innlenda framleiðslu og sölu á innlendum afurðum og þar með fjölga störfum.

Viðskiptaráð tekur undir það að efling á íslenskri framleiðslu og atvinnu er grunnþáttur í enduruppbyggingu efnahagslífsins. Stjórnvöld, hagsmunasamtök og atvinnulífið þurfa að taka höndum saman og vinna að uppbyggingu efnahagskerfisins og um leið reisa samfélagið aftur við eftir þau áföll sem skolið hafa á undanfarin misseri.

Áður hefur verið farið út í átak eins og tillagan felur í sér til eflingar kaupa á íslenskri framleiðslu, þó að stjórnvöld hafi ekki staðið að baki því áður með beinum hætti. Haustið 1992 ýttu verkalýðsfélögin í landinu úr vör auglýsingarherferð sem átti að hvetja fólk til að velja íslenska vöru til að tryggja atvinnu. Átakið var undir slagorðinu *Íslenskt, já takk*, líkt og ofangreind tillaga leggur til. Einnig var farið út í sambærilegt átak í ágústmánuði árið 2004 þar sem SI, SA, Bændasamtök Íslands og aðildarfélag hundu af stað herferðinni: *Veljum íslenskt, og allir vinna.*

Ólíkt fyrri herferðum felur ofangreind tillaga í sér að stjórnvöld hafi frumkvæði að samstarfi við aðila innan vinnumarkaðarins. Viðskiptaráð telur að það sé ekki stjórnvalda að standa að baki slíku átaki enda má færa rök fyrir því að slíkt stangist á við skuldbindingar Íslands á alþjóðavettvangi. Á grundvelli alþjóðaskuldbindinga sinna getur íslenska ríkið vart lagt í átak sem hyglir vörum einnar þjóðar umfram vörur annarrar þjóðar, þrátt fyrir að um eigin vörur sé að ræða, enda stangast slíkt á við ákvæði EES-samningsins.

Sambærilegu átaki og tillagan ber með sér var hrundið af stað á Írlandi á vegum ríkisins í gegnum einkafyrirtæki, þ.e. átakið „Buy Irish“. Um þetta úrskurðaði Evrópudómstóllinn í máli Framkvæmdarstjórnar Evrópusambandsins gegn Írlandi vegna átaksins. Í því máli bannaði dómstóllinn aðgerðir ríkis þar sem innlendri framleiðslu er á einhvern hátt hampað umfram (á kostnað) innfluttrar framleiðslu.

Með frumvarpi, 532. mál, er liggur fyrir Alþingi um breytingar á lögum nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, er lögð til breyting á lögnum sem heimila myndi notkun á þjóðfánanum í vörumerki eða á söluvarning og til auglýsingar á vöru eða þjónustu. Slík breyting hefði mikilvægt gildi fyrir markaðssetningu á innlendri vöru, bæði hér heima og erlendis. Sú heimild ásamt þeirri umræðu sem hefur verið í samfélaginu undanfarið og sú samþjöppun og samstaða sem myndast hefur eftir þær hremmingar sem hafa dunið á landið mun að mati undirritaðrar skila sér í meiri stuðningi við íslenska framleiðslu.

Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái ekki fram að ganga á grundvelli ofangreindra forsenda.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð